



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

Fimmtudagur

11. febrúar 2010

6. tbl. · 27. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



Ljósid í
boenum!



Sími: 456 6660



Ekki orðinn ógeðslega ríkur

„Ég hef oft sagt að ef þú myndir sameina þessa þrjá karaktera í einn karakter þá yrði hann svolítið svona týpískur íslenskur karlmaður,“ segir Súðvíkingurinn Ragnar Bragason, leikstjóri Vaktapáttanna og Bjarnfreðarsonar, um þá Georg, Ólaf Ragnar og Daniel í Næturvaktinni. Ragnar segir frá tilurð Næturvaktarinnar, hugmyndinni á bakvið Georg Bjarnfreðarson, endurgerð þáttarins fyrir Bandaríkjamarkað og reynir að kveða niður þá lífsseigu ranghugmynd að kvikmyndagerðarmenn á Íslandi græði á tá og fingri í viðtali í opnu blaðsins.



| Eyrarskáli | Sími 525 7890 |

EIMSKIP

Yfir hafið og heim

Stuðboltar á sviði

Gleðin var allsráðandi á frumsýningu söng- og leikskemmtunarinnar Vegir liggja til allra átta í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á föstudag. Þessi nýjasta afurð samstarfs Litla leikklúbbsins og Kómedíuleikhússins gefur hinum ekkert eftir. Að þessu sinni var seilst í botnlausar birgðir söngsystkinanna Ellýjar og Vilhjálms Vilhjálmsbarna af landsþekkt-

um dægurperlum. Áhorfendur voru fluttir aftur í tíma til sjöunda áratugarins með tilstuðlan tónlistar, leikgerðar og bún- inga. Á sviðinu koma fram um 20 leikarar og söngvarar sem allir eru miklir stuðboltar. Eru þeir studdir af hljómsveit þar sem valinn maður er í hverju rúmi. Sýningin er sveipuð róm- antik, kímni og umfram allt mikilli gleði. Það var augljóst

að leikhópurinn skemmti sér konunglega á sviðinu sem smitaðist út til áhorfendanna. Blaðamaður kom sáttur heim af sýningunni með brosverki í kinnnum og auma lófa eftir mikið klapp. Ánægjulegt var þessir tveir ástsælustu söngv- arar Íslendinga væru heiðraðir með heilli dagskrá en vissulega var að nógu að taka. Höfðu nokkrir áhorfendur á orði að þeir hefðu alveg viljað sitja lengur og hlýða á fleiri lög þrátt fyrir að leikhópurinn hafi tekið tvö aukalög eftir ríkulega hvatningu úr salnum. Meðal þeirra perla sem fluttar voru má nefna Heyr mína bæn, Bíddu pabbi, og Ég vil fara uppi sveit. Elfar Logi Hannesson er höfundur leikgerðar ásamt því að leikstýra verkinu en tón- listarstjóri er Guðmundur Hjaltason. Þriðja og fjórða sýning fara fram föstudaginn 12. febrúar og laugardaginn 13. febrúar. – thelma@bb.is



Leikhópurinn samanstendur af miklum stuðboltum. Mynd: Ágúst G. Atlason.

Skipulagsmál í Reykhólahreppi

Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 og breyting á deiliskipulagi Bjarkalundar og nýtt deiliskipulag fyrir frístunda- byggð í landi Hafrahlíðar.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkti á fundi sínum 14. janúar 2010 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 skv. 1. mgr. 21. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Breytingin er gerð fyrir nýtt íbúðasvæði í Bjarkalundi og smábátahöfn við Innstapoll í Flatey.

Jafnframt eru auglýstar eftirfarandi deiliskipu- lagstillögur:

- Tillaga að breytingu á deiliskipulagi við Bjarkalund skv. 26. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

- Tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir frístunda- byggð í landi Hafrahlíðar skv. 25. gr. Skipu- lags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Skipulagsuppdættir og greinargerðir munu liggja frammi til sýnis á skrifstofu Reykhóla- hrepps, Maríutröð 5a, 380 Reykhólum og hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík, frá 11. febrúar 2010 til 11. mars 2010. Enn- fremur verða tillögurnar til sýnis á heimasíðu Reykhólahrepps, www.reykholar.is. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við til- lögurnar. Athugasemdum skal skila til skrif- stofu Reykhólahrepps fyrir 26. mars 2010 og skulu þær vera skriflegar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar innan tilskilins frests teljast samþykkir henni.

Reykhólar 5. febrúar 2010,
Bogi Kristinsson Magnusen,
skipulags- og byggingarfulltrúi.

Aurvarnargarður gerð- ur neðan Gleiðarhjalla

Ofanflóðanefnd hefur sam- þykkt að hafinn verði undirbún- ingur framkvæmda við aurvarnir neðan Gleiðarhjalla á Ísafirði. Um er að ræða lágan aurvarnar- garð, um 640 metra að lengd fyrir ofan Hjallaveg, Hlíðarveg og austasta hluta Urðarvegur. Lengi hefur verið rætt um úrræði vegna aurrennsli og hættu á grjóthruni á þessu svæði. Í hættumati vegna ofanflóða í Ísafjarðarbæ

frá árinu 2002 segir að nokkur aurskriðu- og grjóthrunshætta sé neðan Gleiðarhjalla.

Mest er hún við Stakkanes- hrygg og Stóruvörð. Nokkur hús við Stakkaneshrygg og Stóruvörð teljast vera á hættusvæði C, þar sem staðaráhætta er meiri en 3 af 10.000 á ári. Í heild ná hættu- svæðin undir Gleiðarhjalla tvær til þrjár húsaraðir inn í byggðina. Bæjarráð tók erindi umhverfis-

ráðuneytisins fyrir á síðasta fundi þar sem greint var frá umfjöllun ofanflóðanefndar varðandi varnir neðan Gleiðarhjalla. Bæjarráð vísaði erindinu til umhverfis- nefndar. Þess má geta að vinnslu fjárhagsáætlunar fyrir árið lagði umhverfisnefnd til að lagt verði fé í snjóflóðavarnir undir Gleið- arhjalla sem nemur 5 milljónum króna.

– thelma@bb.is

Tilkynning

Endurvinnslan hf., hefur opnað nýja umbúðamóttöku í samstarfi við Eimskip Flytjanda við Sundahöfn.

Opið mánudaga, miðvikudaga og föstudaga frá kl. 14-17.

Síminn er 525 7890.

Endurvinnslan hf., þakkar Svæðisskrifstofu fatlaðra (Hvestu) kærlega fyrir gott samstarf í gegnum árin og óskar þeim velfarnaðar í framtíðinni.

Verið velkomin!



ENDURVINNSLAN HF



**Tvöfaldaðu
endurgreiðsluna!**

Innleystu ávísunina
á sjova.is og þú
gætir tvöfaldað
endurgreiðsluna!

Ávísun á ánægju

17.865

fjölskyldur í Stofni fá senda endurgreiðsluávísun

Þessa dagana berst Stofn endurgreiðslan inn á þúsundir heimila. Tjónlausir og skilvísir viðskiptavinir í Stofni fá þá endurgreiddan hluta iðgjalda síðasta árs. Það er ávísun á ánægju.

Kostir þess að vera í Stofni

- Afsláttur af tryggingum
- Stofn endurgreiðsla
- Vegaaðstoð
- Námskeið um nágrannavörslu
- Afsláttur af barnabístólum
- Frí flutningstrygging
- Bílaleigubíll ef þú lendir í kaskótjóni
- Afsláttur af öryggisvörum og barnavörum
- Önnur skemmtileg tilboð

Kynntu þér Stofn á sjova.is eða fáðu nánari upplýsingar í síma 440 2000

SJÓVÁ

STOFN



Andri Jónsson.

Dúxaði í fluginu

Bolvíski atvinnuflugmanns-neminn Andri Jónsson, hlaut hæstu meðaleinkun sem gefin hefur verið í bóklegu atvinnuflugmannsnámi Flugmálastjórnar Íslands. Hann fékk einkunina 9,8. Þetta er hæsta einkunn sem gefin hefur verið frá því að atvinnuflugmannspróf voru haldin skv. reglum samtaka evrópskra flugmálastjórna en slík próf voru fyrst haldin árið 2000.

Andri útskrifaðist einnig með hæstu einkunn úr bóklegu atvinnuflugmannsnámi frá Flugskóla Íslands á dögunum með meðaleinkunina 9,4. Fékk hann sérstaka viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í náminu og hlaut að launum flugtíma á flugvél skólans og tíma í flughermi.



Inn að beini

Hafdís Pálsdóttir byrjaði að spila á píanó í Tónlistarskóla Ísafjarðar tíu ára gömul og hefur spilað síðan. Það kemur því ekki á óvart þegar Bæjarins besta innti hana eftir svörum Inn að beini að draumastarf hennar er að vera kennari eða tónlistarmaður.

Afdrifaríkasta ákvörðun lífs þíns?

Þegar ég ákvað að trúa á sjálfa mig.

Hvar langar þig helst að búa?

Þar sem skemmtilega fólkið er.

Hver var hamingjusamasta stund lífs þíns?

Þær hafa sem betur fer verið margar hingað til og verða vonandi enn fleiri í framtíðinni.

Bestu vonbrigði lífs þíns?

Að það séu bara 24 tímar í sólarhringnum.

Mesta uppgötvunin í lífi þínu?

Að ég væri bara nokkuð frábær stelpa.

Uppáhaldslagið?

I´ll be seeing you - Billie Holiday og Heartbeats – Knife.

Uppáhaldskvikmyndin?

Amelie.

Uppáhaldsbókin?

Þessa dagana er ég hrifin af léttmeti á borð við Terry Pratchett.

Ögleymanlegasta ferðalagið?

Lífið... er það of væmið?

Uppáhaldsborgin?

Af þeim sem ég hef heimsótt myndi ég segja Hamborg og Þórshöfn í Færeyjum.

Besta gjöfin?

Heimagerð tuskukisa sem Bogga frænka gaf mér þegar ég fæddist.

Telur þú að líf sé á öðrum hnöttum?

Já að sjálfsögðu.

Hvaða hlut geturðu alls ekki verið án?

Fatnaðar, a.m.k. á almannafæri.

Fyrsta starflíð?

Blaðberi hjá BB.

Draumastarflíð?

Hafdís Pálsdóttir, tónlistarmaður, nemi, kennari og kaffibarþjónn

Tónlistarmaður og kennari.

Hvaða frægu manneskju hefur þér verið líkt við?

Evu Maríu Jónsdóttur.

Fallegasti staðurinn á Íslandi?

Ísafjörður.

Skondnasta upplifun þín?

Er ekki prenthæf.

Aðaláhugamálið?

Tónlist.

Besta vefsíðan að þínu mati?

facebook.com.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?

Leikskólakennari, söngkona eða flugfreyja.

Hver er þinn helsti kostur að þínu mati?

Að hafa húmor fyrir sjálfri mér.

En helsti löstur?

Óstundvísí.

Besta farartækið?

Hjólið mitt.

Hver er uppáhalds hátíðardagurinn þinn?

Afmælið mitt.

Hvaða manneskju lítur þú mest upp til?

Það eru svo margir. Allra sem eiga það skilið.

Ef þú mættir heita hvað sem er, hvað myndirðu heita?

Ég kann nú bara nokkuð vel við nafnið mitt.

Á hvaða tíma sólarhrings kanntu best við þig?

Ég kann nú alltaf vel við sjálfa mig en get þó ekki sagt að ég sé morgunhani.

Í hvaða stjörnumerki ertu?

Sporðdreki

Lífsmottólið þitt?

I´m a musician, I can Handle it.



Ragnar tilnefndur

Súðvíkingurinn Ragnar Bragason er tilnefndur til Edduverðlauna sem leikstjóri ársins fyrir myndina Bjarnfreðarson og fyrir þáttaröðina Fangavaktin. Ragnar er einnig tilnefndur fyrir handrit ársins fyrir Bjarnfreðarson og Fangavaktina, að handritagerðinni komu einnig Jóhann Evar Grímsson, Jón Gnarr, Jörundur Ragnarsson og Pétur Jóhann Sigfússon.

Þá er þáttaröð hans, Fangavaktin tilnefnd sem leikið sjónvarpsefni ársins og Bjarnfreðarson tilnefnd sem kvikmynd ársins.

Samkaup **úrval**

góðir grannar

Coop – gæði og gott verð!

Sparnaðartilboð helgarinnar **11. - 14. febrúar**



Úrvals lambasaltkjöt
úr kjötborði / pakkað ferskt!

1.689 kr. kg
valið

Góð kaup!
Doris Flækærter
189 kr. kg
Doris gular baunir 500g

25% afsláttur

224 kr. kg
Saltkjöt, ódýrt!
úr kjötborði / pakkað ferskt

Góð kaup!

596 kr. kg
Kjötfars
nýtt eða saltað, frá **Goða**

Bökum bollur!

Bollumix **247** kr. pk.
350 g, frá **Kötlum**

Vatnsdeigs mix
PURREFNABLANDA

30% afsláttur

1.154 kr. kg
Beikonbitar
frá **Kjötseli**

Valentínusar
jarðarber frá **Spáni!**

198 kr. pk.
250 g

F&O Birt með fyrirvara um prentvillur.

...sjá fleiri sparnaðartilboð og uppskriftir á **samkaupurval.is**

Fossavélin hefur gengið í 73 ár

Merkur viðburður var í virkjun Orkubús Vestfjarða í Engidal á mánudag. Þá hafði klukkustundateljarinn í svokallaðri Fossavél farið yfir 600.000 en vélin hefur verið í gangi nánast stöðugt í 73 ár. Engidalsvirkjun var reist á árunum 1935 og 1936 er virkjað var svokallað Fossavatn. Sett var upp vélarsamstæða, sem kölluð var Fossavél. Uppsett afl var 600.kw. Var Fossavélinni fyrst startað 13. febrúar 1937 og er hún eina vélin á Íslandi sem er í fullum rekstri, með sinn upprunalega búnað. Á þessum 73 árum hefur Fossavélin framleitt um 220 gigavattsstundir.

Framkvæmdir við virkjunina hófust í maí 1936 og þann 13. febrúar 1937 var straumi síðan hleypt á rafveitukerfi Ísfirðinga, en áður hafði Raflýsingarfélag Ísafjarðar rekið hér díselstöð. Í rafveitudagbók þann 13. febrúar fyrir 70 árum segir meðal annars um þá stund er rafmagn var hleypt á Ísafjörð: „Allir voru glaðir og hressir í huga og litu svo á að hin langþráða stund væri upp runnin“. – *thelma@bb.is*

Spurningin

Eiga tannlækn-ingar barna að vera gjaldfrjálsar?

Alls svöruðu 610
Já sögðu 550 eða 90%
Nei sögðu 60 eða 10%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Sunnan 5-8 m/s, skýjað og rigning eða súld öðru hverju SV-lands en annars hægari vindur og léttskýjað. Hiti 0-6 stig.
Horfur á laugardag: Sunnan 5-8 m/s, skýjað og rigning eða súld öðru hverju SV-lands en annars hægari vindur og léttskýjað. Hiti 0-6 stig.
Horfur á sunnudag: Snýst líklega í norðanátt með snjókomu og kólnar.

„Tími til framkvæmda“

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur ítrekað nauðsyn þess að bygging hjúkrunarheimilis á Ísafirði hefjist á árinu 2010. „Þörfin er brýn og tíminn til framkvæmda réttur. Samkvæmt áætlun félagsmálaráðherra um byggingu hjúkrunarryma á landinu er gert ráð fyrir 30 rúma hjúkrunarheimili á Ísafirði árið 2010, er gæti þjónað norðanverðum Vestfjörðum. Þarfagreining þjónustuhóps aldraðra, fjölgun þeirra er hafa fengið vistunarmat og breytingar á búsetumöguleikum aldraðra auka enn frekar á þörf fyrir að hjúkrunarheimili verði byggt í samræmi við áætlun félagsmálaráðherra,“ segir í fundarbókun sem samþykkt var samhljóða á bæjarstjórnarfundi.

Við þetta tilefni óskaði Í-listinn eftir greinargerð um þær breytingar, sem verið er að vinna að á



Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur ítrekað nauðsyn þess að bygging hjúkrunarheimilis á Ísafirði hefjist á árinu 2010.

þjónustu við eldri borgara í Ísafjarðarbæ. Ísafjarðarbær hefur sent Framkvæmdasjóði aldraðra umsókn um byggingu hjúkrunarheimilis. Var það rætt á fundi

félagsmálanefndar á dögnum. Sjóðnum hefur einnig verið send umsókn varðandi tækjakost til dagvistar á Hlíf og umsókn vegna breytinga vegna flutnings vinnu-

stofu upp á 4. hæð Hlífar. Félagsmálanefnd ræddi einnig um skipulagsbreytingar á Hlíf, um flutning heimþjónustu, aðstöðu fyrir félag eldri borgara.

Tæpar 265 milljónir til Vestfjarða

Áætlað er að framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla á Vestfjörðum nemi rúmum 264 milljónum króna á árinu 2010. Framlög til grunnskóla landsins nema alls um 5,9 milljörðum króna. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur samþykkt tillögu ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá 8. janúar um áætluð almenn jöfn-

unarframlög til reksturs grunnskóla. Auk almenna jöfnunarframlagsins er um að ræða framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda, framlög vegna sérstakrar íslenskukennslu nýbúa og önnur framlög til reksturs grunnskóla. Ráðgjafanefndin leggur til að áætlun um úthlutun almennra jöfnunarframlaga til sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla á

árinu 2010 nemi samtals 4.268 milljónum króna. Þar er meðtalin leiðrétting á áætluðu jöfnunarframlagi vegna ársins 2008, þar sem endanlegur álagningarstofn útsvars þess árs liggur nú fyrir. Á Vestfjörðum kemur mest í hlut grunnskóla í Ísafjarðarbæ eða 85,6 milljónir. Því næst kemst Vesturbyggð sem fær rúm- ar 44 milljónir og Strandabyggð

sem fær tæplega 43 milljónir. Tæpar 12 milljónir koma í hlut Bolungarvíkur, 15 milljónir fara til Reykhólahrepps, 19 milljónir til Tálknafjarðarhrepps, 25 milljónir til Súðavíkurhrepps, 7,6 milljónir til Kaldrananeshrepps og 11,8 til Bæjarhrepps. Eina sveitarfélagið sem fær ekki framlag er Árneshreppur sem er tæplega 550 í mínus.– *thelma@bb.is*

Ritstjórnargrein

Það skortir kjark

Á þriðjudaginn var borinn til hinstu hvílu einn af umsvifamestu stjórnmalaleiðtogum tuttugustu aldarinnar, Steingrímur Hermannsson fyrrum forsætisráðherra, lengi þingmaður Vestfirðinga, stjórnmalamaður sem almennt var talinn maður sátta og samvinnu, enda maðurinn einkar vinsæll.

Í grein á bb.is fyrir skömmu vitnar Ólafur Bjarni Halldórsson til orða Steingríms í 3ja bindi ævisögu hans um hvernig mál hafa skipast í grunnatvinnuvegi þjóðarinnar: „Þegar ég hugsa til þess hvernig kvótakerfið hefur leikið margar blómlegar byggðir landsins iðrast ég þess helst að hafa ekki barist af meiri hörku fyrir breyttu fiskveiðistjórnarkerfi. Í upphafi höfðu margir efasemdir um kosti kvótakerfisins eða frjáls framsals aflaheimilda. Enginn sá hins vegar fyllilega fyrir hinar alvarlegu afleiðingar þess. Nú þegar þær eru komnar fram þarf að hafa kjark til að horfast í augu við þær og leita leiða til lagfæringa þótt seint sé.“ Sjálfur segir Ólafur: „Svo mælti einn af bestu vinum okkar Vestfirðinga að loknum starfsdegi. Megi orð hans vekja mönnum skilning á því að þjóðarsátt verður að nást um þann atvinnuveg sem verður okkar fjöregg í nútíð og framtíð.“

„Lausnin á fiskveiðistjórnunarmálum þarf að vera blönduð, það er ekki til nein ein töfralausn eins og framseljanlegir veðkvótar áttu að verða. Hvernig sem þessum málum verður háttað í framtíðinni,

þá er mikilvægt að gefa fólki kost á að spreyta sig í útgerð og sjómennsku, þeirri atvinnugrein sem Íslendingar hafa lengi byggt á og Vestfirðingar alltaf.“ (Gísli H. Halldórsson í BB.4.febr.)

Allt frá því að kvótakerfinu var komið á hefur deilan um það meira og minna mótast af hagsmunaáttökum hinna ýmsu hópa sem starfa innan kerfisins. Klögumálin hafa gengið á víxl, hverjir hafa grætt eða svindlað meira en aðrir?! Í eins konar millistefi er talað um sátt meðan enginn lyftir svo mikið sem litla fingri í þá veru.

Með sama áframhaldi er næsta víst að Icesave-deildan, sem heltekið hefur þjóðarsálina undanfarið, verður að mestu gleymd og grafin áður en nokkur botn fæst í kvótakerfið. Þar er þó ekki við útlenda að sakast.

Það þarf kjark til að „leita lagfæringa þótt seint sé.“ Orð að sönnu. Ætti þó flestum að vera ljóst að eftir því sem fram líða stundir eykst vandinn. Ekki skortir yfirlýsingar fyrrum stórnámamanna og ráðherra um vandann sem þeir sniðgengu alla tíð.

Barómet kvótakerfisins hefur stigið og fallið í gegnum árin. Hæðir umræðna hafa til þessa fylgt kosningum. Þá er talin þörf á að „skoða málið.“ Ætlum við að eyða öðrum aldarfjórðungi í þrasið?

Hvers er að vænta „um þann atvinnuveg sem verður okkar fjöregg í nútíð og framtíð“ ef svo fer fram? *s.h.*

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgoðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is*. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is*, Kristján Einarsson, símar 456 4560 og 848 3403, *kristjan@bb.is*. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

Hótelgestum fækkaði um 19% milli ára

Gistinætur á samanlögðu svæði Vesturlands og Vestfjarða voru 609 í desember 2009 og fækkaði um 19% milli ára en þær voru 751 í desember 2008. Til samanburðar voru gistinætur á Vesturlandi og Vestfjörðum 1.151 árið 2007. Í desember 2009 gistu 454 Íslendingar á hótélum á samanlögðu svæði Vesturlands og Vestfjarða og 155 útlendingar. Gistinætur á hótélum á Íslandi í desember síðastliðnum voru 55.700 en voru 58.800 í sama mánuði árið 2008. Gistinóttum fækkaði í öllum landshlutum nema á Suðurlandi og Norðurlandi. Á Austurlandi fækkaði gistinóttum um 21% miðað við desember 2008, úr 560 í 450. Á höfuðborgarsvæðinu voru 46.000 gistinætur á hótélum í desember

sem er fækkun um tæp 9% frá desember 2008. Á Suðurnesjum fækkaði gistinóttum einnig lítillega, voru 2.800 í desember sem er fækkun um tæp 4% frá fyrra ári. Gistinætur á hótélum á Suðurlandi voru rúmlega 4.000 í desember og fjölgaði um tæp 44% frá desember 2008. Á Norðurlandi fjölgaði gistinóttum í desember einnig, úr 1.500 í 1.800 eða um tæpt 21%. Gistinætur á hótélum árið 2009 voru 1.333.200 og fækkar lítillega frá árinu 2008 þegar gistinætur voru 1.339.900. Á flestum landsvæðum fækkar gistinóttum á milli ára eða standa í stað. Hlutfallslega fækkar gistinóttum mest á samanlögðu svæði Vesturlands og Vestfjarða eða úr 56.051 árið



Hótelgestum á Vesturlandi og Vestfjörðum fækkaði um 19% milli ára.

2008 í 45.331 árið 2009 en fjölgar mest á Norðurlandi og Suðurlandi. Athygli skal vakin á því

að hér er eingöngu átt við gistinætur á *hótélum*, þ.e. hótélum sem opin eru allt árið. Til þessa

flokks gististaða teljast hvorki gistiheimili né hótél sem eingöngu eru opin yfir sumartímann.

Tilkynningum fækkar milli ára

Tilkynningum til barnaverndarnefnda á norðanverðum og sunnanverðum Vestfjörðum fækkaði milli ára er bornir eru saman fyrstu níu mánuðir árána 2008 og 2009. Fram til september á síðasta ári barst barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum 99 tilkynningar en þær voru 132 árið áður. Í Vesturbyggð og á Tálknafirði barst barnaverndarnefnd 11 tilkynningar fyrstu níu mánuði ársins 2009 en 19 á sama tímabili árið 2008. Athygli vekur að á sama tíma og tilkynningum fækkar á Vestfjörðum

fjölgaði þeim um 16% á landsvísi. Fjölgunin á höfuðborgarsvæðinu er rúmlega 22% en rúmlega 4% á landsbyggðinni. Fyrstu níu mánuði ársins 2009 eru flestar tilkynningar vegna áhættu hegðunar barna eða 46,4% allra tilkynninga. Alls eru 35,1% tilkynninga vegna vanrækslu á börnum, 18,1% vegna ofbeldis gegn börnum og 0,4% vegna þess að heilsu eða lífi ófæddis barns var stefnt í hættu. Í sískráningu barnaverndarnefnda var á árinu 2009 í fyrsta sinn spurt sérstaklega um áfengis-og fíkniefna-

neyslu foreldra og heimilisofbeldi. Fyrstu níu mánuði ársins 2009 eru 606 tilkynningar þar sem tilkynnt er um vanrækslu og fram kemur að foreldrar eru í áfengis-og eða fíkniefnaeyslu. Það er tæplega 9% af heildar-

fjölda tilkynninga. Í tilkynningum um ofbeldi kemur fram að í 194 tilvikum er um heimilisofbeldi að ræða, eða tæplega 3% af heildarfjölda tilkynninga til nefndanna. Tilkynnt var um 5.704 börn á

fyrstu níu mánuðum ársins 2009 en sambærileg tala fyrir árið 2008 var 5.032. Tilkynnt hefur því verið um rúmlega 13% fleiri börn á fyrstu níu mánuðum ársins 2009 en 2008. Þetta kemur fram í tölum Barnaverndarstofu.



Nikkan lítur glæsilega út að lokinni viðgerð.

Enn bætist við harmónikkusafnið

Rúmlega hundrað ára gömul harmónikka hefur bæst í Harmónikkusafn Ásgeirs S. Sigurðssonar á Ísafirði. Upphaflega var harmónikkan í eigu Ingólfs Jónssonar faktors í verslun Tang og Riis í Stykkishólmi og konu hans Kristínar Samúelsdóttir Richter. Nikkan var gefin safninu af afkomanda þeirra. Harmónikkan var fremur illa á sig komin en lítur nú glæsilega út að lokinni viðgerð. Harmónikkan er sú 165. í safninu.

Vöflur & Viðkynning

Verið velkomin í kaffi og spjall á kosningaskrifstofu minni, Aðalstræti 24, Ísafirði.

Fimmtud. 11. feb kl. 17-19

Eiríkur Finnur Greipsson

Eirík Finn í 1. sæti
www.efg.is

Aetluðu sér að skapa leiðinlegasta mann í heimi

Ragnar Bragason, leikstjóri og einn höfunda Vaktapáttanna vinsælu, Næturvaktarinnar, Dagvaktarinnar og Fangavaktarinnar, og kvikmyndarinnar Bjarnfreðarsonar, er Súðvíkingur að ætt og uppruna og segist ennþá tala um að fara heim þegar hann fer til Súðavíkur. Ragnar hefur í mörgu að snúast þessa dagana en gaf sér tíma frá annríkinu til að setjast niður með útsendara Bæjarins besta og spjalla um heimahagana, ferilinn, Vaktirnar, endurgerð Næturvaktarinnar fyrir Bandaríkjamarkað og þá lífsseigu ranghugmynd að menn verði ríkir af því að stunda kvikmyndagerð á Íslandi.

„Ég er fæddur og uppalinn í Súðavík og bjó þar til ellefu ára aldurs, faðir minn er Álftfirðingur og amma og afi bjuggu þar. Fjölskyldan flutti svo í Mosfellsbæinn þegar ég var ellefu ára, en ég var ekkert sérstaklega sáttur við það og lít ennþá á Súðavík sem heimabæ minn. Síðustu tíu árin hef ég verið þar flestöll sumur og synir mínir þekkja ekki annað en að eyða sumrunum í Súðavík.“

Hafði vasapeningana af öllum börnum í þorpinu

Ragnar fór ekki í nám í kvikmyndagerð en varð snemma heltekinn af kvikmyndalistinni, þótt framan af ævi ætlaði hann sér reyndar að verða rithöfundur.

„Ég hef alltaf haft gríðarlegan áhuga á kvikmyndum. Félagsheimilið í Súðavík var við hliðina á húsinu heima og þar voru bíó-sýningar á fimmtudögum, laugardögum og sunnudögum. Ég var þar í bíó í hverri einustu viku og helst oftast en einu sinni, ef maður gat nurlað saman peningum fyrir miðanum. Pabbi keypti svo super 8 sýningarvél þegar ég var svona sjö til átta ára og ég opnaði mitt eigið bióhús inni í herberginu mínu, seldi aðgang og poppaði og hafði vasafæð af öllum börnum í þorpinu. Sýndi þar svarthvítar myndir með Buster Keaton, Charlie Chaplin og Laurel og Hardy aftur á bak og áfram. Reyndar þurfti ég að skila öllum peningunum aftur þegar foreldrarminir fóru að hringja og kvarta yfir því að ég hefði haft alla vasapeningana af börnunum þeirra.

Þrátt fyrir þennan mikla áhuga

á kvikmyndum ákvað ég sem barn að verða rithöfundur þegar ég yrði stór og hélt þeirri hugsun alveg þangað til á menntaskólaárunum þegar ég datt inn á þá hugmynd að verða kvikmynda-gerðarmaður. Það var eiginlega bara tilviljun og kom til þegar ég áttaði mig á því að á bak við kvikmyndir væri eitthvert fólk sem byggir þær til. Ég byrjaði á að gera stuttmyndir, eins og flestir byrja, en það vatt mjög hratt upp á sig. Ég fékk fljótt mikinn metnað til að gera hlutina almennilega, en það var ekki fyrr en fjórum til fimm árum seinna sem maður fór að geta haft lífsviðurværi af kvikmyndunum. Ég fór lengri leiðina með því að gera tónlistarmyndbönd fyrir hljóm-sveitir og stuttmyndir og svo fór maður á sjóinn þess á milli til að hafa í sig og á borga upp þetta dýra hobbý að vera kvikmynda-gerðarmaður á Íslandi.

Svo var það um 1995 að ég fór að gera sjónvarpsþætti fyrir Stöð 2. Fyrsta serían sem ég gerði var um ungt fólk á þritugsaldri og fékk vinnutítilinn 03. Í hverjum þætti var fjallað um þrjá einstaklinga á þessum aldri og hvað þeir voru að gera. Við bjuggum til prufubátt og fórum með hann upp á Stöð 2 til Páls Baldvins Baldvinssonar sem var þá dag-skrárstjóri. Við létum okkur dreyma um að koma kannski að svona tveim til þrem þáttum en gengum út frá Páli með pöntun upp á tuttugu þætti. Eftir það byrjaði boltinn að rúlla og ég gerði mjög mikið af sjónvarpsþáttum fyrir Stöð 2 á árunum frá 1995 til 2000.“

Þíaskó fyrsta kvikmyndin í fullri lengd

„Það var svo 1998 sem ég fékk fyrsta „breikið“ hjá kvikmynda-sjóði. Ég var búinn að vera að sækja um í mörg ár og reyna að koma hlutum á koppinn, en maður var náttúrulega ungur og óreyndur og hafði kannski ekki mikið að sýna, en ég hafði vit á að safna í sarpinn með því að gera tónlistarmyndbönd og sjónvarpsþætti og annað slíkt þar sem ég hafði ekki farið í kvikmyndanám og gat ekki sýnt einhverjar diplómur eða skólaverkefni. En sem sagt þarna 1998 fékk ég handritsstyrk frá kvikmyndasjóði

og ári seinna fór ég í tókur á fyrstu myndinni minni sem hét Þíaskó. Þá má segja að maður hafi verið orðinn svona fulltiða í bransanum og farinn að gera það sem mann langaði til að gera.“

– En olli það engum erfiðleikum að hafa ekki formlega menntun í kvikmyndafræðunum?

„Nei. Það sem hafði gerst í íslenskri kvikmyndagerð á árunum á undan var að sá kvikmynda-gerðarmaður sem hafði verið leiðandi í íslenskri kvikmynda-gerð var Friðrik Þór Friðriksson, sem er af þeim skóla líka að hafa ekki farið í kvikmyndanám, en var samt á þeim tíma sá kvikmyndagerðarmaður sem hafði náð hvað lengst á Íslandi, þannig að það voru engir sérstakir forðomar fyrir óskólagengnum kvikmyndagerðarmönnum. Og á sama tíma og ég var að byrja voru fleiri óskólagengnir leikstjórar að koma fram, eins og Baltasar Kormákur sem er menntaður leikari. Þannig að skóla-leysið olli engum erfiðleikum. En auðvitað er fólk alltaf skeptískt þegar nýtt fólk kemur fram, sérstaklega þegar margir eru um hituna og lítið fé til skiptanna. En á þessum árum fór kvikmyndagerðin virkilega að blómstra, Kvikmyndamiðstöð var stofnuð og þetta komst allt á faglegri grunn. Var orðið visir að iðnaði sem á síðustu árum hefur byggst mjög hratt upp, þar sem það er orðin gríðarleg fagþekking og reynsla í íslenska kvikmynda-bransanum.“

Þíaskó gekk ágætlega í kvikmyndahúsum hér heima og hlaut verðlaun á erlendum kvikmynda-hátíðum, en það var þó ekki fyrr en með kvikmyndunum Börn og Foreldrar sem Ragnar varð virkilega þekktur og metinn sem leikstjóri.

„Ég gerði heimildarmyndina Love is in the air um ferð Vesturports til London með Rómeó og Júlíu og byrjaði um svipað leyti að vinna með þeim hópi að hugmyndavinnu sem varð grunnurinn að Börnum og Foreldrum. Ég ákvað að nota óhefðbundnar vinnuaðferðir við gerð þeirra mynda, aðferðir sem eru ekki viðurkenndar í bransanum. Það var ekkert handrit til að sækja um styrki fyrir, heldur voru atriðin unnin í spuna, og án þessa klassíska handrits er nánast engin

leið að fá fjármögnun. Þannig að við gerðum þær myndir bara á yfirdráttarheimild frá jákvæðum bankastjóra og tókum upp þessar tvær myndir. Upphaflega átti þetta reyndar bara að vera ein mynd, en hún óx í vinnuferlinu og varð að tveimur. Kvikmynda-miðstöð veitti okkur svo eftirvinnslustyrk til að klára, en við lögðum öll tíma okkar, laun og vinnu undir í rúmlega tvö ár.

Í miðju ferlinu við Börn og Foreldra var ég síðan beðinn um að taka að mér að gera eina sériu af Stelpunum og það bjargaði því að maður náði að fleyta sér áfram og borga skammtíma-skuldirnar allar.“

Verður ekki ríkur af íslenskri kvikmyndagerð

„Það eru mjög miklar ranghugmyndir í gangi um kvikmyndagerð og kvikmyndagerðarmenn. Fólk sér ofboðslega háar tölur, kvikmyndir eru dýrar og iðnaðurinn veltir miklu fé sem fólk heldur að fari í vasa kvikmyndagerðarmanna. En að meðalkvikmynd koma kannski tvö til þrjú hundruð manns sem allir þurfa náttúrulega sín laun og þeir sem yfirleitt þurfa að leggja launin sín undir eru leikstjórar, handritshöfundar og framleiðendur. Þeir hafa þessa listrænu þörf til að skapa kvikmyndir og koma einhverju til skila, en eru ekki að hugsa um að þeir geti orðið ríkir af þessu. Hver einasta króna af þessum háu styrkjum sem fólk sér ofsjónum yfir fer í kvikmyndagerðina og menn verða svo bara að vona að það skili sér til baka ef verkið verður vinsælt. En það er þjóðfélagið sem græðir því af hverri krónu sem lagður er í kvikmyndagerð hér skila þrjár krónur sér til baka í ríkissjóð. Ég var einmitt að telja það saman um daginn að þau verk sem ég hef skapað og sett af stað hafa velt á annan milljarð og skapað ómælda atvinnu og skatttekjur, en ég er yfirleitt lægst launaði maðurinn á settinu.“

Georg átti að vera leiðinlegasti maður í heimi

Ragnar kom að gerð Fóstbræðrapáttanna og kynntist þá Jóni

Gnarr og félögum og þau kynni leiddu síðan til Vaktapáttanna, sem án efa eru vinsælasta leikna sjónvarpsefni sem framleitt hefur verið á Íslandi. Hversu mikið af karakter persónanna er byggt á þeim félögum sjálfum?

„Næturvaktin var ástarverkefni þessa hóps, mín, Jóns Gnarr og handritshöfundarins Jóhanns Ávars Grímssonar og Péturs Jóhanns og Jörundar. Við gerðum þá sériu fyrir mjög lítinn pening og Jón Gnarr hefur sagt að hann hafi aldrei verið á lægri launum en við vinnslu Næturvaktarinnar. Við gerðum þetta því okkur langaði að koma með einhvern nýjan tón inn í sjónvarpssériur. Stærri sögu og þyngra verk með upphafi miðju og endi. Við áttum ekki von á því að saga af þremur þunglyndum köllum á bensinstöð yrði gríðarlega vinsæl en sem betur fer þá sló hún í gegn og fólk á öllum aldri hreifst af þessum karakterum. Fólk virðist tengja við þessar persónur og þeirra veruleika sem sýnir að þær eru lifandi og sambandið á milli þeirra skemmtilegt. En ég held líka að á þessum tíma hafi fólk beinlínis verið orðið þyrst í íslenskt leikið sjónvarpsefni sem væri sambærilegt við það sem kemur erlendis frá.

Georg Bjarnfreðarson er orðinn nokkurs konar nútíma ígildi Bjarts í Sumarhúsum, en fyrsta hugmyndin var að búa til leiðinlegasta mann sem hægt væri að hugsa sér. Jón kemur með flesta þá þætti sem byggja Georg, kommúnismann, dálætið á Sviþjóð og einstrenginsháttinn. Ólafur Ragnar er samansafn af mönnum sem Pétur Jóhann þekkti úr FM-heiminum og kannski líka honum sjálfum. Pétur vann lengi á útvarpsstöðvum og þekkir þann heim vel. Það er kannski mest af Jörundi í Daníel og Péttri í Ólafí, minna af Jóni í Georg, en allir hafa þeir náttúrulega margar fyrirmyndir sem við settum saman í eina. Ég hef oft sagt að ef þú myndir sameina þessa þrjá karaktera í einn karakter þá yrði hann svolítið svona týpiskur íslenskur karlmaður. Framkvæmdagleðin í Ólafí Ragnarí, sem gengur oftast brösuglega, skandinavíska þunglyndið í Daníel og síðan þessar íslensku öfgar og þverlyndið í Georg.“



Næturvaktin á Bandaríkjamarkað

Nú er sjónvarpsstöðin Fox í Bandaríkjunum búin að kaupa réttinn til að endurgera Næturvaktina fyrir Bandaríkjamarkað. Hvað þýðir það fyrir leikstjórnann?

„Strax og eitthvað verður vinsælt í einhverju landi þá kviknar áhugi annars staðar, það er endalaus eftirspurn á heimsmarkaði eftir efni. Og íslenskar kvikmyndir hafa alla tíð ferðast ótrúlega víða og selst mjög vel hingað og þangað um heiminn. Og hlutfallslega vinna íslenskar kvikmyndir fleiri verðlaun en flestra annarra Evrópulanda. Þannig að íslenskar kvikmyndir eru orðin mjög þekkt stærð í kvikmyndageiminum. Hvert sem þú ferð í heiminum til að kynna íslenska

kvikmyndagerð, sama hvort það er í Kóreu eða Argentínu, þá hittirðu fólk sem hefur séð íslenskar kvikmyndir. En allvegana þá fréttist þetta, að það væri eitthver sjónvarpsefni að slá í gegn á Íslandi og það var sem sagt breskt/amerískt fyrirtæki sem er alltaf að leita að efni til að endurgera fyrir Bandaríkjamarkað og sér líka um dreifingu efnis út um allan heim sem hafði samband við okkur.

Við gerðum samning við þetta fyrirtæki, sem meðal annars hefur endurgert The Office og Ugly Betty í Bandaríkjunum. Þeir kaupa tæknilega séð ekki efnið heldur hljóðar samningurinn upp á það að þeir séu umboðsaðilar og sölumenn og selji Vaktaseríurnar eins víða og mögulegt er. Þeir byrjuðu á að selja þær til sjónvarpsstöðva í Skandinavíu, síðan seldu þeir forkaupsréttinn

í Bandaríkjunum á sjónvarpsstöðina Fox, sem framleiðir Simpsons meðal annars og voru að leita að nýju efni í svipuðum dúr og þeir tryggðu sér það að þeir mættu endurgera Næturvaktina. Þeir eru búnir að láta kunnan handritshöfund, sem meðal annars hefur skrifað fyrir Will og Grace og Desperate Housewives, skrifa handrit og það er verið að undirbúa prufufátt. Og ef fólki líkar hann vel fer serían í framleiðslu í sumar.

Varðandi þessa goðsögn um ríkidæmið sem því fylgir þá er það auðvitað þannig að þeir sem leggja fram fjármagn í verk eiga réttinn þannig að við munum vonandi sjá einhvern pening út úr þessu efaframleiðslu verður. Þetta eru ágætis upphæðir á íslenskan mælikvaraða, en þær dreifast víða. Stöð 2 og Saga film eiga réttinn þannig að ef

þetta verður brjálæðislega vinsælt í Bandaríkjunum kemur það til Stöðvar 2 sem tók sénsinn upphaflega og Saga film sem lagði líka hluti undir og þeir geta þá væntanlega framleitt bara ennþá meira af íslensku leiknu efni.“

Ragnar er fjölskyldumaður, á eiginkonu og tíu ára tvíburasyni og Súðavík leikur stórt hlutverk í lífi fjölskyldunnar.

„Við búum í miðbæ Reykjavíkur og höfum gert lengi en ég hugsaði með mér þegar ég eignaðist strákana að þeir yrðu að kynnast Súðavík, gat ekki hugsað mér annað en að þeir upplifðu það sem ég upplifði sem barn, allavega hluta úr árinu. Að vakna undir þessum fjöllum og labba út að hafi og finna náttúruna og orkuna og það andrúmsloft sem er í þorpinu. Þessa samkennd og samstöðu. Fyrir mér er það ómet-

anlegt að hafa alist þar upp og eiga þar rætur, það mótaði mig sem manneskju og ég væri ekki sá sem ég er í dag ef ég hefði ekki orðið fyrir þessum áhrifum.

Strákarnir þekkja ekki annað en að vera fyrir vestan á sumrin, hafa verið þar öll sumur síðan þeir fæddust. Við vorum svo heppin að fá hús í sumarbyggðinni á flóðasvæðinu, stórt og falllegt hús við hliðina á Félagsheimilinu þaðan sem ég á mínar fyrstu kvikmyndaminningar. Þar eru reyndar ekki lengur kvikmyndasýningar, nema þegar ég kem vestur og býð Súðvíkingum á myndirnar mínar og starta gömlu sýningarvélinni.

Þegar ég tala um heima þá meina ég Súðavík. Ég vinn í Reykjavík og kann vel við mig þar en það er bara þegar ég kem vestur sem mér líður eins og ég sé kominn heim.“



Mikið stuð á Stútungi

Stútungur, árleg vetrargleði Önfirðinga, var haldinn í íþróttahúsinu á Flateyri á laugardagskvöld og þótti heppnast vel. Fjöldi manns voru þar saman komnir til að gæða sér á ljúffengum þorramat og hlýða á vönduð og metnaðarfull skemmtiatriði. „Þetta var alveg frábært. Það var mikið stuð og dansað fram á nótt. Svo var boðið upp á frábæran mat frá SKG veitingum,“ segir Björn Gunnars-

son, einn af skipuleggjendum blótsins. Að vanda var boðið upp á heimatilbúin skemmtiatriði og að þessu sinni var fyrirmyndin rafræna leiðsögukerfið „Flateyri: hús og fólk“ sem tekið var í notkun í vor. „Hvert atriði byrjaði á því að einhver á sviðinu setti á sig iPod og þá byrjaði saga eða söngur,“ segir Björn. Veislustjóri var Barði Önnundarson og fórst honum það vel úr hendi. Að loknu borðhaldi lék

hljómsveitin Glymskrattinn frá Reykjavík fyrir dansi en þar var í broddi fylkingar Önfirðingurinn og Vestfirðingur ársins Halldór Gunnar Pálsson. Skemmtu Stútungsgestir sér konunglega að sögn Björns. Meðfylgjandi myndir frá vetrargleðinni tók Páll Önnundarson. Fleiri myndir munu birtast á svipmyndum á bb.is innan tíðar.

– thelma@bb.is



Allur strandveiðiafli ísfirskra báta seldur til aðila utan löndunarhafnar

Aflinn sem strandveiðibátarnir veiddu síðastliðið sumar og var landað á Ísafirði, var allur seldur beint til aðila utan löndunarhafnar. Sömu sögu má segja um Bildudal, Þingeyri, Norðurfjörð, Hólmavík og Patreksfjörð. 91,7 tonnum af strandveiðiafla var landað á Ísafirði, þar af voru 14 tonn seld til vinnslu beint af skipi, rúm 76 tonn voru seld á fiskmarkaði til vinnslu og rúm 1,5

tonn af aflanum var keyptur af markaði og fluttur út. Strandveiðibátarnir frá Bolungarvík lönduðu samtals 220 tonnum í Bolungarvík. 40% af þeim afla var seldur á markaði eða til vinnslu í sama bæjarfélagi eða um 89 tonn. Rúm 130 tonn voru seld til aðila utan löndunarhafnar og var mest selt á markaði til vinnslu utan Bolungarvíkur eða um 120 tonn. 6,2 tonn voru seld

beint af skipi, 3,6 tonn voru seld á markaði og flutt út. Á Flateyri var 99,8 % af aflanum keyptur af aðila í löndunarhöfn, aðeins 182 kg voru seld aðila utan löndunarhafnar. Alls var landað 79,5 tonnum á Flateyri og voru þau öll seld til vinnslu beint af skipi. Á Suðureyri var 90,6% af aflanum seldur aðila í heimahöfn. Á Vestfjörðum fór 29% aflans til vinnslu í heimahöfn bátanna.

Af þeim 4.100 tonnum sem strandveiðibátarnir á Íslandi veiddu við Íslandsstrendur síðastliðið sumar fór aðeins 17% til vinnslu í heimhöfn bátanna. Afli af strandveiðibátum var landað í 53 höfnum á landinu og í helm- ingi þeirra eða 26 höfnum fór ekkert af aflanum til vinnslu þar á staðnum. Þetta kemur fram í svari sjávarútvegs- og landbún- aðarráðherra við fyrirspurn Ein-

ars K. Guðfinnssonar á Alþingi. Töluleg gögn eru unnin af Fiski- stofu og stuðst er við upplýsingar úr vigtar- og ráðstöfunarskýrsl- um. Þar sem Fiskistofa fylgir ekki aflanum lengur eftir en að fyrsta kaupanda er ekki hægt að full- yrða að fiskvinnsla, sem kaupir afla og er staðsett í sömu höfn og löndun strandveiðibáts á sér stað, hafi sannanlega unnið hann eða ekki. *– kristjan@bb.is*

Ójafnvægi milli flutninga til og frá Vestfjörðum

Nefnd samgöngu- og sveitar- stjórnarráðherra um fjárhags- vanda hafna hefur lagt til að reiknað verði út hver kostnaður er við landflutninga, þ.e. hvaða kostnaðarauki fylgir þeim í vega- gerð og viðhaldi vega. Þannig megi meta með meiri nákvæmni hagkvæmni þess að færa flutninga af vegum á sjó. Í skýrslu nefndarinnar er þó bent á að eitt svæði landsins sker sig úr hvað varðar hlutföll milli innflutnings og útflutnings, það eru Vestfirðir.

„Ójafnvægi er á milli flutninga til og frá Vestfjörðum. Vegna fólksfæðar er flutningur til Vest- fjarða lítill en vegna útflutnings á fiski er flutningur frá svæðinu mikill. Vegna þessa ójafnvægis er töluvert um tóma bíla á vegum á þessari flutningsleið. Þá má nefna að vegna aðstaðna á Vest- fjörðum, gerðar vega og snjó- þyngsla, eru flutningar um þá erfiðari en annarsstaðar. Einnig má benda á lengd siglingaleiðar

annars vegar og akstursleiðar hins vegar til Vestfjarða. Akstur til Ísafjarðar, sem dæmi, er langur en sigling þangað tiltölulega stutt. Sé hins vegar miðað við Akureyri er sigling þangað frá Reykjavík mun lengri en akstur nokkru styttri. Því er rétt að ein- skorða sig við dæmi um færslu flutninga af vegum á sjó á Vest- fjörðum.“

Í skýrslunni kemur fram að síðustu árin sem sjóflutningar voru stundaðir á Íslandi voru þeir reknir með umtalsverðu tapi, á milli 400 og 500 milljóna króna á ári, þó svo að þeir væru stund- aðir með þokkalegu skipi með nokkuð góða nýtingu. Þjóðfélag- ið hefur aðlagð sig að því að flutningar séu að miklu leyti á vegum sem gerir stöðuna jafnvel enn erfiðari fyrir sjóflutninga. Má nefna þætti eins og að krafa um hraða þjónustu hefur aukist, en slíkum kröfum er betur sinnt með flutningum á vegum, auk þess

sem birgðahald verslana hefur að mestu lagst af úti á landi. Kerfið í dag byggist á miðlægu birgðahaldi með örum flutning- um í báðar áttir. Þá dróst flutt magn saman við að áburðarfram- leiðsla í landinu hætti og fram- leiðsla kísilgúrs var lögð af. Flutningur þessara vörutegunda var á sjó. Að mati þeirra sem flytja vörur hér á landi kom fram að ekki væri skynsamlegt að hefja siglingar að nýju í kringum landið til að ná í og fara með vörur eins og áður var. Rekstur skips myndi

hafa ófyrirsjáanleg áhrif á núver- andi flutningakerfi.“ Nefndin bendur á að haustið 2008 gerði Eimskipafélagið til- raun til flutninga á vörum til og frá Vestfjörðum. Notað var skip sem að öðru leyti var í siglingum milli Íslands og Ameríku. „Á þessum tíma voru tvö skip í þeim siglingum og smá slaki í siglinga- áætlun sem aftur skapaði mögu- leika á að nota skipin tímabundið til siglinga til og frá Vestfjörðum. Samkvæmt upplýsingum frá Eimskipafélaginu dugðu tekjur

af þessum flutningum fyrir breyti- legum kostnaði af rekstri skipsins en fastur kostnaður var borinn af flutningum milli Íslands og Ameríku,“ segir í skýrsluna sem lesa má í heild á vef sjávarútvegs- ráðuneytisins.

Meðal tillagnanefndarinnar er að verkaskipting hafna verði auð- velduð og úrelding gerð möguleg og að eftirlitsnefnd með fjármál- um sveitarfélaga verði falið að hafa sérstakt eftirlit með rekstri hafna.

– thelma@bb.is



Skip Eimskipafélagsins, Reykjavíks, við Ísafjarðarhöfn.



GUÐFINNA

HREIÐARSDÓTTIR

1 SÆTI

FRAMTÍÐIN ER ÁSKORUN

SETJUM OKKUR MARKMIÐ OG NÁUM ÁRANGRI

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ 13. febrúar 2010

smáar

Óska eftir tveimur óvaxbornum gönguskíðum ca. 180cm til 200 cm að lengd, djembe- eða kongótrommum og ferða-geislaspilara. Upplýsingar í síma 866 5037.

Miðillinn Lára Halla verður á Ísafirði í byrjun mars. Tímantánir í síma 863 7086.

Til leigu er 4ra herb. íbúð í miðbæ Ísafjarðar. Laus nú þegar. Uppl. í síma 899 0743.

Dökkgrár 8GB Ipod Nanó týndist á Ísafirði 23.- 24. janúar. Hefur mikið tilfinningalegt gildi. Efeinhver hefur upplýsingar um hann, vinsamlegast hafið samband í síma 866 0253 eða 845 8579. Fundarlaun.

Vantargistingu, helst í sumar-bústað, einbýlishúsi eða raðhúsi á Ísafirði eða nágrenni frá 17.-22. júlí. Get boðið í skiptum raðhúsi í Fossvogi í Reykjavík í eina viku eða sanngjarna leigu. Vinsaml. svarið á sumarfrí2010@gmail.com.

Til sölu er þrekhlól með mæli. Verð kr. 10 þús. Upplýsingar í síma 896 3682.

Til sölu er ódýr frystikista. Uppl. í síma 456 3614.

Til sölu er Hyundai Santa Fe árg. 2005. Gullfallett eintak. Uppl. í síma 866 4655.

Þakkir

Innilegar þakkir fyrir að gleðja mig með kveðjum og gjöfum á 90 ára afmæli-isdaginn minn, 29. janúar sl.

Guð geymi ykkur öll!
Álfheiður Guðjónsdóttir.



Kristín Völundardóttir sýslumaður á Ísafirði ásamt flugmönnum vélarinnar.

Flugvél Gæslunnar TF-Sif opnar nýjar víddir á löggæslusviðinu

Landhelgisgæslan kynnti flugvél sína, TF-Sif, fyrir löggæslu- aðilum og heilsugæslustarfs- mönnum á Ísafirði fyrir stuttu. Kristín Völundardóttir, sýslu- maður á Ísafirði, segir að með tilkomu vélarinnar opnast nýjar

víddir á löggæslusviðinu. „Eins og fram kom í frétt bb.is, þá mun þessi nýja flugvél Landhelgis- gæslunnar nýtast okkur vel,“ sagði Kristín. „Hvernig við nýt- um okkur tækni vélarinnar, læt ég ósagt, en get staðfest að það

hafa opnast nýjar víddir á lög- gæslusviðinu sem ekki voru mögulega fyrir tilkomu vélarinn- ar og erum við gríðarlega ánægð með núverandi samstarf og fram- tíðarsamstarf lögreglunnar á Vestfjörðum og Landhelgisgæsl-

unnar,“ segir Kristín Völundar- dóttir, sýslumaður.

Vélin kom til landsins 1. júlí 2009, á 83 ára afmæli Landhel- isgæslunnar. „TF-Sif markar tímamót í allri starfsemi Land- helgisgæslunnar og er einfald- lega um að ræða byltingu í eftir- lits-, öryggis- og björgunarmál- um Íslendinga á því viðfeðma haf- svæði sem Ísland ber ábyrgð á jafn innan sem utan efnahagslög- sögunnar,“ segir um vélina á vef Landhelgisgæslunnar.

– fridrika@bb.is

Gegnsætt eignarhald

Stakkur skrifar

Rúmt ár er liðið frá ríkis- stjórnarskiptum sem áttu að snúa við þeirri slæmu þróun sem verið ráðandi í efnahagsmálum Ís- lands, ríkis og einstaklinga. Bankahrúnið var mönnum ferskt í minni og allir reiðir. Reiðin braust fram með ýmsum hætti og náði hámarki í upphafi árs 2009. Ráðist var að Alþingishúsinu og lögreglumenn sem þar stóðu vaktina með mikilli þrýði áttu í vök að verjast. Ekki eru öll kurl komin til grafar í þeim málum, en því verður ekki trúað að almenningur sætti sig við að látið sé óátalið að ráðast að lögreglunni.

Niðurstaðan var sú að mynda ríkisstjórn með stuðningi Fram- sóknarflokks, en Vinstri grænir og Samfylking réðu för. Eftir kosningar 25. apríl 2009 var mynduð ríkisstjórn sömu flokka sem studdist við meirihluta kjósenda. Einkunnarorðin voru gagn- sæi í viðskiptalífi og norræn velferð. Hún hefur ekki verið skil- greind fremur en gagnsæi viðskiptalífsins. Þó hefur norræna kerfið verið tekið upp að hluta með margþrepaskiptum hækkuðum tekjusakatti auk annarra skattahækkanna. Enn er beðið norrænnar velferðar eins og ókeypis tannlækninga og aukins stuðnings við barnafjölskyldur, sem tíðkaður er á hinum Norðurlöndunum. Kannski verður biðin löng því svigrúmið er óumdeilanlega lítið ef nokkuð eins og er.

Það gæti þó lagast með nýjum Icesavesamningum, sem vonandi verða að veruleika. Fjármálaráðherra hrósaði Svavari Gestssyni

sendiherra fyrir góðan samning. Nú telur forsætisráðherra það hafa verið mistök að setja Svavar til samningagerðarinnar. Fram- tíðin ein sker úr um hvað rétt kann að reynast. Því er trúað að allir menn geri sitt besta og svo skeri reynslan úr um hvort það hafi verið nægilega gott. En fleira er að skoða.

Gagnsæi viðskiptalífsins er kærkomið ásamt regluverki sem kemur í veg fyrir að örfáir menn, sem sjást ekki fyrir í löngun sinni til þess að vera miklir og ríkir, geti leikið að nýju þann leik að kúga alla þjóðina. Viðskiptaráðherra segir lagafrumvarp í smíðum er tryggi að hinir smáu fjárfestar, sem nær allir töpuðu sparnaði sínum í hlutabréfum á einu augabragði, verði keyrðir í kaf af þeim stóru. Þetta er fagnaðarefni. En er ekki erfitt að kyngja því í sömu andránni að Arionbanki telji sjálfsagt að hefja „stóru fjárfestana“ aftur til vegs og virðingar og afhenda þeim fyrirtæki sem kostuðu hrun bankanna og óendanlegar byrðar al- mennings? Hver er þá hugurinn að baki gagnsæi viðskiptalífsins?

Er ekki algerlega gagnsætt að Samskip eru talin best geymd í höndum manna sem kostað hafa bankakerfið tugi milljarða ef ekki hundruð? Er það þá algerlega gagnsætt að eigendur Exista fái að halda völdum og ráða fyrirtækinu áfram? Er það gagnsætt að Baugur verði aftur afhentur fyrri eigendum? Er þá ekki gagn- sætt að afhenda fólki sem tapað hefur íbúðum sínum þær aftur? Er ekki sama gagnsæið fólgið í því að afhenda litlum hluthöfum aftur eignir sínar, hlutaféð. Er gagnsæið fyrir fáa?

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Hlýtt í janúar

Kalt var í upphafi mánaðarins en síðan voru lengst af óvenjuleg hlýindi. Meðalhiti í Bolungarvík var 2 stig sem er 3,4 stigum fyrir ofan meðallag. Var hann niundi hlýjasti janúarmánuður frá upp- hafi samfelldra mælinga hjá Væð- urstofunni. Sérlega hægviðra- samt var í mánuðinum þar til 22. janúar en þá kom hvassviðri og síðan fárviðri.

Vindur náði 12 vindstigum í hviðum þann 25. samkvæmt veðurfirliti frá Litlu-Ávík. Smávegis tjón varð þegar gámur frá Sorpsamlagi Strandasýslu fauk úr malargryfju við Víganæs og upp með Gjögurvatni um 800 til 1000 metra og gjöreyðilagðist. Þá brotnaði rúða í kyrrstæðum bíl á Norðurfirði þegar grjót eða mól fauk á hann.

Þó nokkuð var um hafis út af Vestfjörðum í mánuðinum.



Ein af myndum Uri Golmans. Myndin er fengin af heimasíðu ljósmyndarans.

Uri hirðljósmyndari Melrakkasetursins

Melrakkasetur Íslands í Suðavík og danski ljósmyndarinn Uri Golman hafa gert með sér samning um samstarf. Uri verður opinber ljósmyndari setursins og vinnur verkefni sem snýr að því að ljósmynda og skrifa efni um lífshætti melrakka árið um kring. Setrið fær afnot af myndum Uris til framsetningar efnis á sýninguna og á öðrum vettvangi. Uri Golman hefur mikla reynslu af vinnu á heimskautasvæðum norðursins og hefur bæði skrifað bækur og greinar í fagtímarit ljósmyndara og útivistar.

„Refirnir á Hornströndum verða megin viðfangsefnið enda ein dýrmætasta auðlindin okkar og mikilvægt að nýta hana á ábyrgan hátt með sjálfbærni að leiðarljósi. Það verður spennandi að vinna með Uri en verkefnið hefst með því að hann, ásamt félaga okkar, Tobias Mennle, munu fara á refaslóðir í mars næstkomandi, til að freista þess að mynda mökunaratferli melrakkans. Þeir munu svo fylgja eftir helstu viðburðum í lífi refanna; yrðlingauppleði, fæðuöflun, feldskipti, undirbúning fyrir

veturinn og hvernig þeir þreija þorrann og góuna fram á næsta vor. Fyrir okkur hjá Melrakkasetrinu er Uri sannkallaður hvalreki og má segja að báðir aðilar fái óskir sínar uppfylltar með samstarfinu,“ segir á [amelrakki.is](#), heimasíðu Melrakkasetursins.

Uri Golmaner sjálfstætt starfandi ljósmyndari og mun sjálfur fjármagna starf sitt á Íslandi en hann mun skrifa greinar í fagtímarit fyrir ljósmyndara og útivistarfólk, jafnvel einnig í bók sem skrydd verður ljósmyndum af refunum á Hornströndum.

Vilja byggja átta hótelhús

Fyrirtækið Fisherman á Suðureyri vill mæta aukinni eftirspurn ferðamanna með fjölgun hótelerbergja í þorpinu. Forsvarsmaður fyrirtækisins hefur óskað eftir álitni umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar á tillögu um lóðir fyrir átta 45m² hótelhús og eitt 20m² geymsluhús við Stefnisgötu á Suðureyri. Hvert hús hefur tvö hótelerbergi og geymsluhúsið er ætlað fyrir starfsfólk sem sinnir ræstingu húsanna. Starfsemin yrði partur af Fisherman Hótel Suðureyri þar sem fyrir er öll almenn hótelpjónusta.

Í tillögunni kemur fram að hús-in eru hönnuð í sama stíl og önnur eldri hús á svæðinu, með standandi timburklæðningu og bárujárnspökum. Lóðir húsanna yrðu girtar af með spelagirðingu í gömlum stíl og eitt bílastæði yrði



Suðureyri.

á hverri lóð fyrir hvert herbergi. Umhverfisnefnd tók erindið fyrir á síðasta fundi og benti á að hugmyndirnar eru ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag svæðisins. Nefndin bendir jafnframt á að deiliskipulagsbreyting hefur

verið til umræðu í nefndinni. Umhverfisnefnd hefur falið tæknideild að hraða skipulagsvinnunni eins og kostur er.

– [thelma@bb.is](#)



Síðasti dagur Sveins skotta fjallar um Svein Björnsson þjóf, nauðgara og galdramann sem var hengdur í Reiðskörðum á Barðaströnd árið 1648.

Sveinn skotti á fjalirnar

Æfingar á leikverkinu „Síðasti dagur Sveins skotta“ hefjast brátt að nýju en verkið verður frumsýnt í Edinborgarhúsinu á Ísafirði fimmtudaginn 18. mars. Um er að ræða samstarfsverkefni Kómediuleikhússins, Lýðveldisleikhússins og einstakra listamanna. Í hópinn hefur nú bæst enn einn listamaðurinn, leikkonan Halldóra Malin Pétursdóttir, en fyrir í leikhópnum eru Benóný Ægisson, Henna Riika Nurmi, Steingrímur Guðmundsson og Elfar Logi Hannesson.

„Já, innan skamms fer Skotti aftur á kreik, hann var á reiki hér fyrir vestan fyrir áramótin og fóru æfingar fram hér fyrir vestan. Um miðjan febrúar hefjast æfingar að nýju en leikhópurinn hefur notið sér tækna varðandi handritsskrif og enda hefur það sjaldan verið kómískur vandi þó menn búi á

sitt hvoru landshorninu,“ segir Elfar Logi Kómediuleikhússtjóri.

Verkið er ljóðleikur eða söngdans um Svein Björnsson þjóf, nauðgara og galdramann sem var hengdur í Reiðskörðum á Barðaströnd árið 1648. Þetta er „svört kómedia sem gerist á síðasta ævidegi Sveins þar sem hann bíður aftöku sinnar og rifjar upp líf sitt og ástæður þess að svona er komið fyrir honum“, segir í kynningu.

Benóný Ægisson semur verkið í samvinnu við leikhópinn, Elfar Logi Hannesson leikstýrir, Henna Riikka Nurmi sér um sviðshreyfingar og dans og Steingrímur Guðmundsson og Benóný Ægisson semja tónlistina.

Eftir að verkið hefur verið sýnt á Ísafirði verður það sýnt í Reykjavík og í framhaldi af því víða um landið.

Viltu taka þátt í félagsstarfi? Viltu láta gott af þér leiða?

Kvennadeild S.V.F.Í. á Ísafirði, stofnað 1934, óskar eftir konum í stjórn. Viðkomandi þarf ekki að vera félagsmaður.

Starf félagsins felst að mestu í forvarnarstarfi og stuðningi við Björgunarfélagið. Stjórnarstörfin henta konum á öllum aldri.

Áhugasamar hafi samband fyrir 20. febrúar við Rögnu í síma 456 4060 eða Huldu í síma 456 3372, eftir kl. 18:00.





Góð stemmning á porrablóti Hnífsdælinga

Um 160 gestir mættu á hið árlega Porrablót Hnífsdælinga sem var haldið á laugardag í Félagsheimilinu í Hnífsdal. Var þetta í 62. sinn sem blótið var haldið. „Það var rosalega góð stemmning og mikið stuð.

Skemmtiatriðin voru alveg æðisleg og mikið gert grín af sveitungum.“ segir Margrét

Skúladóttir sem sat í skemmtinefnd fyrir blótið en porrablótíð er liður í fjáröflun

kvenfélagsins Hvatar en sem kunnugt er gefur kvenfélagið árlega til góðra málefna af miklum rausnarskap. Eftir hefðbundna dagskrá var síðan slegið upp í dansleik þar sem Gummi Hjalta og Stuðboltarnir sáu um undirleik af sinni alkunnri snilli.

„Ballíð gekk mjög vel, það var töluvert af fólki sem kom bara á ballíð og hljómsveitin stóð sig með prýði, enda vanir

menn þar á ferð,“ segir Margrét, en hljómsveitina skipuðu þeir Guðmundur Hjaltason, Alfreð Erlingsson, Þorsteinn Bragason og Hjónabandssonurinn Brynjólfur Óli Árnason. Meðfylgjandi myndir tók ljósmyndari blaðsins á blótinu. Fleiri myndir munu birtast á svipmyndum á bb.is innan tíðar.

– kristjan@bb.is



Fljótlegt og freistandi

Sælkeri vikunnar býður upp á fljótlega og auðvelda súpu. Hún lætur einnig fljóta með uppskrift að matarbrauði sem hún segir að sé mjög gott með súpunni. „Þetta brauð borðaði ég mikið hjá Elínu frænku í Danmörku fyrir 15 árum síðan, fékk svo uppskriftina hjá henni fyrir stuttu eftir mikla leit....,“ segir Hrafnhildur. Að lokum býður hún upp á fljótlega ávaxtaköku.

- Ótrúlega fljótleg og auðveld súpa
- 2-3msk lífræn kókosolía eða græn ólífuoalía
- 1-2 tsk currypaste
- Poki af kínverskri wokblöndu eða grænmetisblöndu. (Frosið)
- 1-2 grænmetisteningar
- 1 dós (400ml) kókosmjólk

½ l Sjóðandi vatn.

Setjið olíu í pott og hitið curry-paste í nokkrar sekúndur. Bætið grænmetinu út í. Leysið teninginn upp í vatni og hellið út í ásamt kókosmjólk. Sjóðið í 8-10 mín.

Smakkið til með sjávarsalti og klippið e.t.v. e-ð gott grænt krydd yfir. Svo er líka mjög gott að skera kjúkling smátt, steikja og

- 3 bollar heilhveiti, hveitiklíð eða annað holtt og gott mjöl.
- 1 bolli hrásykur
- Salt eftir smekk
- 8 kúfaðar tsk lyftiduft
- 1 l súrmjólk

Öllu blandað saman í skál (deigið er mjög klístrað), sett í form og bakað í 1 og ½ klst. við 180°.

Sælkerinn

setja úti.

- Matarbrauð
- 4 bollar hveiti
- 1 bolli haframjöl

- Fljótlega ávaxtakakan
- 1 bolli hveiti
- 1 bolli sykur
- 1 egg



Sælkeri vikunnar er Hrafnhildur Ýr Elvarsdóttir á Ísafirði.

- 1 tsk matarsóti
- 1/2 dós niðursoðnir ávextir
- Öllu hrært saman og sett í eldfast mót.

Blandað saman og stráð ofan á deigið. Bakað í ca 15-20 mín í ofni við 180°. Borið fram með rjóma eða vanilluís. Ég skora á Ósk Mubarak að vera næsti sælkeri vikunnar.

- Ofaná:
- 1/4 bolli kókosmjöl
- 1/4 bolli púðursykur



Guðmundur við lagningu steinteppis í bílskúr á Ísafirði.

Steinteppi hafa mikið fylgi á landsvísu

Guðmundur Fr. Matthíasson, framkvæmdastjóri SteinTeppi.is segir að það gangi bara nokkuð vel hjá fyrirtækinu, miðað við og þrátt fyrir stöðuna í þjóðmálunum. SteinTeppi.is sinnir verkefnum um allt land en fyrirtækið býr að rúmlega 20 ára reynslu og þekkingu á þessu sviði.

Steinteppi er gólfefni sem hefur verið mjög vinsælt bæði hjá fyrirtækjum og á heimilum. Fyrirtækið er einnig með epoxy gólfefni, kvartstein og marmara sem flutt er inn frá ýmsum löndum eins og Ítalíu, Kína og Þýskalandi auk þess sem unnið er með íslenskan náttúrustein.

- Guðmundur hefur verið í þessum bransa frá því 1987.
- Fyrsta verkefnið mitt var í

verksmiðjunni Leiti í Hnífsdal. Ég hef verið í þessu nánast síðan. Fyrir utan þriggja og hálfis árs pásu þegar ég stofnaði og rak með Júlíu sambýliskonu minni veitingastaðinn „energia“ í Smáralindinni.

Verkefnin krefjast þess að Guðmundur ferðast víða um landið og jafnvel út fyrir landsteinana.

„Ég var til dæmis á Ísafirði korter fyrir jól að vinna fyrir Kampa ehf. sem eru góðir viðskiptavinir okkar. Maður verður að bera sig eftir björginni og leggja land undir fót þegar svo ber undir. Það er mesta furða hvernig gengur þrátt fyrir kreppu- tal og hrun hægri vinstri. Vonandi og væntanlega vegna þess að við



Guðmundur Matthíasson.

reynum að vera eins sanngjörn og hægt er hverju sinni og þetta eru ódýr efni, miðað við mörg önnur, slitsterk og endingargóð.“

- Eru einhver stór verkefni framundan?
- „Það eru nokkur í deigluinni og mikið um fyrirsurnir. Aðilar og fyrirtæki eru að fara yfir tölur og skoða málin. Við höfum haft mjög góða svörun á þeim tilboðum sem við höfum sent út og sendum hér með þakkir til okkar ört vaxandi hóp viðskiptavina.“
- Steinteppi og Epoxy gólfefni má nota á nánast hvaða gólf sem er og jafnvel upp á veggj að sögn Guðmundar.
- „Mikið notað á bílskúra, þvottahús, stiga, verksmiðjur, iðnaðarhús og allt þar á milli. Við höfum t.d. verið að setja þetta upp á veggj á milli eldhúsinnréttinga sem kemur mjög skemmtilega út.

Guðmundur er fæddur og alinn upp á Ísafirði. Foreldrar mínir eru Guðrún S. Valgeirsdóttir og Matthías S. Vilhjálmsson. Ég fæddist á Urðarvegi en fluttist svo niður í Mjallargötu, þar sem ég eyddi upp- vaxtarárum mínum. endaði síðan aftur upp á Urðarveg og bjó þar þangað til ég flutti suður. Ég myndi segja að ég væri efrið- bær, var í þeim flokki a.m.k.“ Guðmundur er í sambúð með Júlíu Margréti Jónsdóttur sem er um þessar mundir að bjóða sig fram í prófkjöri til sveitarstjórn- arkosninga í Mosfellsbæ. Þau eiga saman tvo syni auk þess sem Guðmundur á tvær dætur úr fyrra sambandi og Júlía son. thelma@bb.is

KJARNAFÆÐI



Sérvalda saltkjötið frá Kjarnafæði

Gamlar hefðir fyrir nýjar kynslóðir

Yfirmatreiðslumeistari Landsvirkjun mótuneyti.

Ingvar Sigurðsson

Klikkar aldrei

Yfirmatreiðslumaður Gullhömrum.

Björn Bragi Bragason

Skemmtilegt að elda, dásamlegt að borða

Yfirmatreiðslumeistari Norðurl mótuneyti.

Karl Davíðsson

Heimsklassa hráefni

Yfirmatreiðslumaður Strikið veitingastaður.

Róbert Hasler



SÉRVALIÐ SALTKJÖT FRÁ KJARNAFÆÐI SÉRVALIÐ FYRIR ÞIG